

***FORSÆTISNEFND 11. júní 2021: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að festa í sessi tilraunaverkefni um óundirbúnað fyrirspurnir á fundum borgarstjórnar - R20080128***

Forsætisnefnd samþykkir í ljósi þess að óundirbúnað fyrirspurnir hafa ekki verið dagskrárliður á fundum borgarstjórnar frá því tilraunátíma með þær lauk um síðustu áramót og góðrar reynslu af dagskrárliðnum verði hann festur í sessi og gerður varanlegur. Lagt er til að dagskrárliðurinn verði tekinn upp með sama fyrirkomulagi og var á tilraunátímabilinu og verði 1. liður á dagskrá borgarstjórnarfundar. Samþykktum borgarstjórnar verði breytt til samræmis við það. Samþykkt þessi taki gildi í september á þessu ári.

**Greinargerð:**

Í ljósi þess að sú nýbreytni að vera með óundirbúnað fyrirspurnir í borgarstjórn tímabundið í tilraunaskyni sem fengið hefur góðan hljómgrunn og gengið vel er ekkert að vanbúnaði að dagskrárliðurinn verði festur í sessi frá og með fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Þessi nýbreytni hefur verið liður í að gera borgarstjórnarfundina skilvirkari, sveigjanlegri, auka upplýsingaflæði og gagnsæi auk þess að glæða áhuga almennings og fjölmiðla á borgarmálefnum. Þá getur dagskrárliður sem þessi m.a. verið nauðsynlegur á óvissutímum, eins og við höfum staðið frammi fyrir nú, til að bregðast við og miðla upplýsingum með skjótari hætti.